

Steinunn Þóra Árnadóttir þingmaður
Haraldur Benediktsson þingmaður
Alþingi
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík 16.júlí 2019

Varðandi tilurð málss þessa, tilefni þess og pólitískt eðli þess víesar undirritaður til fyrri bréfaskrifa okkar og sameiginlegs bréfs okkar.

Hin pólitískt skipaða siðanefnd kemst að þeirri niðurstöðu að undirritaður hafi brotið siðareglur Alþingis. Því hafna ég algerlega sem og aðdróttunum um viðhorf mitt til kvenna.

Hér skal tekið fram að undirritaður man ekki til þess að hafa undirgengist þær siðareglur með undirskrift sinni og nú hefur komið í ljós í þessu máli, og öðrum, að fyrirkomulag það sem notast er við er í besta falli galið. Hvergi í lýðræðisríki getur það talist eðlilegt að pólitískir andstæðingar fái vald til að „dæma“ andstæðinga sína. Þá skal það enn og aftur tekið fram að undirritaður eða aðrir sem hleraðir voru ólöglega hafa ekki fengið ólöglegu upptökurnar afhentar frá Alþingi þrátt fyrir að hafa óskað ítrekað eftir því. Einnig má benda á ósamræmi milli þess handrits sem Alþingi lét gera og þeirra bréfa sem borist hafa frá siðanefnd.

Varðandi þau atriði sem talin eru upp í bréfi minnihluta siðanefndar og hinna ólöglegu, pólitísku 7. og 8. forseta Alþingis:

1. Siðanefndin kemst að þeirri ótrúlegu niðurstöðu að einkaspjall um hræsni þingkonu vegna MeToo umræðunnar sé brot á siðareglum. MeToo umræðan og sú hreyfing sem varð í kringum það varð til þess að opna loks augu margra fyrir alvarleika málssins. Það gefur hins vegar engum leyfi til að baða sig í sviðsljósi á fölskum forsendum. Í ólöglegu upptökunum eru tveir einstaklingar að segja frá miður góðum kynnum sínum af þingkonunni og hvernig hún áreitti þá. Allt það sem þar er sagt stend ég við en vil þó taka fram, líkt og ég gerði við viðkomandi, að notkun á orðinu „nauðgun“ var of gróft og var hún beðin afsökunar á þeirri orða notkun.

Þann 2. desember 2018 fékk undirritaður skilaboð frá samflokkskonu sem rifjaði upp að þetta var ekki í eina skiptið sem undirritaður hafði lent í slíku áreiti af hálfu þingkonunnar. Hafði það gerst á skemmtun í tengslum við flokksstarf löngu áður en viðkomandi tók sæti á Alþingi. Settist undirritaður hjá henni eftir samskipti við konuna og sagði frá. Pakkaði ég viðkomandi fyrir að rifja þetta upp. Það er hreint með ólíkindum að nefndin telji að frásögn af því sem verður ekki skýrt með orðum en sem lýsingu á áreiti sé brot á siðareglum. Er nefndin að hvetja til þess að slík mál séu ekki rædd af þingmönnum við vini eða kunningja ef tilefni er til? Ég tel mikilvægt að hinir ólöglega kjörnu forsetar kynni sér samtalið til hlítar eins og það kemur fyrir í handriti því sem skrifstofustjóri Alþingis lét gera.

2. Orð þau sem sögð eru um núverandi menntamálaráðherra og hún hefur verið beðin afsökunar á, eiga sér rætur í vonbrigðum og reiði vegna persónulegs máls. Það er hins vegar al íslenskt að nota þau orð sem þarna voru höfð uppi og hafa ekki til þessa talist ósiðleg en klárlega skammarorð. Spyrrja má hvort minnihluti siðanefndar hefði komist að sömu niðurstöðu ef karlmaður hefði átt í hlut? Ef orðin hundur, asni, drullusokkur, gunga og drusla, skítlegt eðli eða eitthvað þaðan af verra hefði verið notað í staðin fyrir orðið „tík”. Á enskri tungu er orðið m.a. notað yfir óforskammaða manneskju.

Hvort sem okkur líkar betur eða verr þá eru þessi orð og mörg önnur notuð til lýsingar á skoðunum þegar þau eru sögð.

Þá má velta því fyrir sér hvort siðanefndin eða forsetarnir hafi kynnt sér orðfæri þingmanna í þingsal? Er það mat nefndarinnar og hinna ólöglega kjörnu forseta að það að kalla ráðherra „gungu og druslu” sé í lagi nema það teljist til hefðar að nota slík orð? Mega þingmenn nota slíkt orðfæri? En þrátt fyrir að menntamálaráðherra hafi misnotað orðið ofbeldi í pólitískum tilgangi þá er menntamálaráðherra fyrst og fremst stjórnálamaður sem nýtir sín tækifæri en er ágætis manneskja.

3. Minnihluti nefndarinnar telur orð sem féllu í tengslum við umræðu um eina af okkar bestu sundkonum brot á siðareglum. Tilefni þessa orða og samhengi þeirra virðist skipta engu og sú staðreynd að verið var að ræða fyrrverandi eiginmann þessarar fyrirmynadar konu, en sá starfar nú innan veggja Alþingis.

Hún hafði sagt frá ömurlegri reynslu sinni í viðtalið við Akureyri vikublað árið 2017. Af handriti Alþingis er ljóst að tilefni umræðunnar var ekki konan sjálf heldur fyrrum eiginmaður hennar. Það er galið ef nefndin telur að gert hafi verið grín að slíku atviki.

Að lokum, virðist svo siðanefndin eða minnihluti hennar hafi áveðið að krydda söguna nokkuð með því að breyta orðalaginu frá handriti Alþingis. Ákveður siðanefndin eða minnihluti hennar að nota orðið „sundkerling” í stað „sunddrottingar” sem er skv. handritinu. Er það augljóslega gert til að gera setninguna meira krassandi.

Er þetta enn eitt dæmi um þá pólitísku vegferð sem siðanefndin og pólitískir andstæðingar okkar eru í.

Gunnar Bragi Sveinsson